



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
þriðjudaginn 9. apríl 2013 kl. 16.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Ingvar Samúelsson. Einnig sátu fundinn Steinunn Rasmus f.h. kennara grunnskólasviðs, Katla Tryggvadóttir f.h. foreldrafélags leikskólasviðs og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Anna Greta Ólafsdóttir boðaði forföll.

Eiríkur bauð fólk velkomið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. 1301021 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 12. mars 2013.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt.

2. 1303006 – Könnun mennta- og menningarmálaráðuneytis um framkvæmd reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga í leik- og grunnskólum.

Nefndin fór yfir könnunina og svör við henni. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

3. 1303013 – Staða innleiðingar á aðalnámskrá í leik- og grunnskólum. Niðurstaða könnunar mennta- menningarmálaráðuneytis í janúar 2013.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

4. 1304027 – Tölvumál í Reykhólaskóla.

Erindi frá Steinunni Rasmus borið fram á fundi. Hún fór yfir það að netsambandið í skólanum sé ekki í lagi. Sveitarstjóra falið að ræða við skólastjóra um málið.

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 17.
